

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2020  
UST202001-041/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Skíðasvæði í Bláfjöllum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins, dagsett 6. janúar 2020, um landmótun, upsetningu snjógirðingar, raflýsing, skíðalyftu og gerð miðlunararlóns innan Bláfjallafólkvangs.

Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 173/1985. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til framkvæmda á skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Til að geta bætt rekstrargrundvöll skíðasvæðisins í Bláfjöllum er þörf á jafnari aðsókn að svæðinu. Talið er að snjóframleiðsla geti aukið möguleika á jafnri aðsókn ásamt því að bæta æfingaraðstöðu fyrir skíðafélögin. Aðrar breytingar, svo sem endurnýjun á lyftum, eru einnig til að bæta aðstöðu til skíðaiðkunar.

Framkvæmdir sem sótt er um í þessu framkvæmdaleyfi:

- Landmótun á skíðabrekkum, m.a. vegna fyrirhugaðrar upsetningar á nýjum stólalyftum
- Landmótun vegna upsetningar á skíðalyftunni Gosa
- Landmótun vegna upsetningar á skíðalyftunni Drottningu
- Snjóframleiðsla – borplan, miðlunararlón og lagnir

Framkvæmdir felast í landmótun, upsetningu á lausum lögnum og girðingum og aðrar framkvæmdir sem unnar eru samhliða reisingu á skíðalyftum. Einnig er fyrirhugað að fara í framkvæmdir sem tengjast upsetningu snjóframleiðslubúnaðar. Skíðalyfturnar, stólageymslurnar og dæluhús eru háð byggingarleyfi og verður sótt um þau leyfi sérstaklega.

Drottning verður 900 metra löng stólalyfta með 10 metra háum möstrum, ásamt tilheyrandi mannvirkjum við endastöðvar og geymslu fyrir stóla, alls rúmlega 300m<sup>2</sup> að stræð. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að taka niður núverandi stólalyftu. Ný Gosa lyfta verður 400 metra löng stólalyfta með 10 metra háum möstrum ásamt tilheyrandi mannvirkjum við endastöðvar og geymslu fyrir stóla, rúmlega 300 m<sup>2</sup> að stærð. Í kjölfarið verður gamla Gosa lyftan tekin niður. Vinna þarf land undir skíðalyftunum Gosa, Drottningu og samhliða upsetningu á skíðalyftum verða skíðabrekkur og svæði umhverfis lyfturnar mótaðar og unnar með vinnuvélum eftir því sem þörf er á. Einnig er fyrirhugað að móta svæði í brekkum austan við Drottningu. Svæðin

verða grædd upp með heyi eins verið hefur, en áburðargjöf er ekki heimil vegna vatnsverndarsjónarmiða.

Samhliða móton nýrra svæða verða settar upp snjógirðingar og raflysing. Girðingarnar og lýsingin eru settar upp samhliða á mörkum skíðabrekknanna. Alls eru gert ráð fyrir að settir verði upp um 800 m af girðingum við skíðabrekkur og lyftur.

Miðlunarlónið verður um 12.000 m<sup>3</sup> og allt að 6.000 m<sup>2</sup>. Á meðan verið er að fylla lónið er áætlað að dæla um 20 l/sek af vatni í lónið. Nákvæm staðsetning dæluhús og miðlunarlóns er ekki ákveðin en mörk byggingarreits liggja fyrir. Snjórinn er framleiddur með snjóbyssum sem blása/dreifa vatninu út í loftið þar sem það frýs og verður að snjó. Lagnaleiðir eru frá söfnunarlóni að dælustöð og frá þeim upp eftir hlíðunum að þeim stöðum sem snjór verður framleiddur með náttúrulegri frystingu. Lagnirverða lagðar neðanjarðar og er áætluð lega þeirra sýnd í deiliskipulagi

Samkvæmt deiliskipulagi er heimilt er að móta svæði umhverfis skíðalyftur innan svæðis sem er skilgreint sem skíðabrekkur á skipulagsupprætti. Röskuð svæði skulu grædd upp jafn óðum eins og við á með sáningu, en áburðargjöf er ekki heimil vegna vatnsverndar. Í deiliskipulagi kemur fram að notkun áburðar og sáning á grasi hentar illa í mótaðar skíðabrekkur, því við það sker svæðið sig enn meir úr umhverfinu. Því er afar mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands að sérstaklega verði vandað til vinnu við landmóton á skipulagssvæðinu þannig að framkvæmdir falli eins vel og kostur er að landslaginu. Að sjálfsögðu ber við framkvæmdir að forðast eins og hægt er að skerða þann litla gróður sem fyrir er á skipulagssvæðinu. Halda skal jarðraski í lágmarki við allar framkvæmdir og ekki er heimilt að raska hrauni. Fylgt verður verklagi sem viðhaft hefur verið til þessa.

- Áætlað er að hefja framkvæmdir við snjóframleiðslu í apríl 2020 og ljúka framkvæmdum í lok árs 2020.
- Áætlað er að vinna að uppsetningu á Gosa, móton á skíðabrekum, uppsetningu snjógirðinga og raflysinga þar í kring árin 2020 - 2021.
- Áætlað er að vinna að uppsetningu á Drottningu, móton á skíðabrekum, uppsetningu snjógirðinga og raflysinga þar í kring árin 2022 - 2023.

#### **Áhrifamat:**

Framkvæmdin er innan Bláfjallafólkvangs, verndun svæðisins miðar að því að auðvelda aðgengi almennings að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útvistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Í friðlysingaskilmálum fyrir Bláfjallafólkvang kemur fram að stefnt skal að því að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana eftir því, sem efni þykja til.

Tvö framkvæmdasvæði eru að stórum hluta á óróskuðu svæði, við Drottningu og við Bláfjallarskála og því telur Umhverfisstofnun áhrifin mikil og óafturkræf þar sem náttúrulegu landslagi er breytt í skíðabrekkur. Líklegt er að landslag svæðisins breytist til frambúðar. Umhverfisstofnun vill ítreka það sem kom fram í umsögn Umhverfisstofnunar vegna deiliskipulags skíðasvæðisins „Afar mikilvægt sé að vandað verði til vinnu við landmóton á skipulagssvæðinu þannig að framkvæmdir falli eins vel og kostur er að landslaginu og að forðast skuli eins og hægt sé að skerða þann litla gróður sem fyrir á innan þess“. Mikilvægt er að útfæra fyrirhugaðar framkvæmdir á þann hátt sem minnst rask verði á óróskuðum svæðum. Framkvæmdir munu fara fram þegar skíðasvæðið er ekki í rekstri, en framkvæmdir gætu hinsvegar haft áhrif á útvistarfolk sem sækir nærliggjandi svæði.

Í ákvörðun Skipulagsstofnun um matsskyldu kemur fram að framkvæmdir verða á fjarsvæði vatnsverndar og munu að hluta fara fram á óröskuðu svæði en að mestu leyti á svæði sem er þegar raskað, en um verður að ræða samlegðaráhrif með þeim mannvirkjum sem eru fyrir á svæðinu og þeirri röskun sem þegar hefur átt sér stað. Ekki er líklegt að frekari landmótun á skíðaleiðum og nýjar skíðalyftur muni breyta verulega ásýnd svæðisins frá því sem nú er.

Skipulagsstofnun bendir á að fyrir séu möstur á svæðinu og endastöðvar á toppi Bláfjalla auk fjarskiptamannvirkja sem eru mjög áberandi séð frá svæðinu og því munu sjónræn áhrif á efstu möstrum nýju stjóralalyftunar vera óveruleg. Núverandi röskun á svæðinu tekur til 53 ha og gert er ráð fyrir að við framkvæmdir verði um 15 ha svæði raskað til viðbótar.

Úrbætur á skíðasvæðinu munu hafa í för með sér aukna umferð um svæðið á framkvæmdatíma og aukna aðsókn gesta eftir því sem framkvæmdum miðar áfram. Umferð vélknúinna ökutækja á aðkomuvegum mun því aukast frá því sem nú er og lúta megin athugasemdir umsagnaraðila að aukinni hættu á mengun grunnvatns og hugsanlega vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins vegna þessarar aukningar.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda á skíðasvæðinu í Bláfjöllum felast í raski á jarðmyndunum og ásýndarbreytingum vegna landmótunar á skíðaleiðum og vegna nýrra skíðalyfta með tilheyrandi húsbyggingum og möstrum. Framkvæmdasvæðið er að hluta þegar raskað vegna landmótunar fyrir skíðaleiðir, skíðalyftur eru í hlíðum og hús á toppi Bláfjalla. Áhrif á jarðmyndanir verða varanleg en eru bundin við tiltölulega afmarkað svæði. Ásýndarbreytingar svæðisins verða helst áberandi fyrir þá sem sem sækja svæðið til skíðaiðkunar en einnig þá sem koma á svæðið utan skíðatímabilsins og því mikilvægt að allur frágangur verði sem vandaðastur og ítrekar Skipulagsstofnun að hafa þurfí í huga að um er að ræða framkvæmdir innan svæðis sem er friðlýst sem fólkvangur og er vatnsverndarsvæði.

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun vill ítreka það sem kemur fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu að um sé að ræða framkvæmdir innan svæðis sem er friðlýst sem fólkvangur, ásamt því að vera vatnsverndarsvæði, og því mikilvægt að framkvæmdaraðili uppfylli skilyrði sem Umhverfisstofnun setur hér að neðan.

#### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir Skíðasvæði Höfuðborgarinnar fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum sem lýst er að ofan innan Bláfjallafólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan 2020-2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti viku fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.

- Vandað skal við frágang eftir að framkvæmd lýkur.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt að akstur vélknúinna ökutækja fari fram á tínum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri, ekki skal aka utan vegar á aurbleytutíma.
- Óheimilt er að aka utan vegar utan skilgreinds framkvæmdarsvæði.
- Græða skal upp röskuð svæði eins og á við.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask eins og hægt er og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Tryggja skal að verktaki fylgi skilyrðum.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrið séð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi forsætisráðuneytisins gæti þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Umhverfisstofnun óskar eftir að fá nánari upplýsingar hvernig framkvæmdum verður háttáð áður en framkvæmdir hefjast.**

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar varð umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í grunngjaldi. Í gjaldskrá er gert ráð fyrir að vinna við afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmdar sé 3 klukkustundir. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar mun vera samtals 5 tímar. Stofnunin áformar að gefa út reikning fyrir þessa umframvinnu, þ.e. fyrir 2 klukkustundir á 13.200 hver klukkustund. Umhverfisstofnun áformar því, á grundvelli 3. mgr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, að innheimta samtals **65.800 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfallst



Sigrún Agústsdóttir  
settur forstjóri



Daníel Freyr Jónsson

Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur